

L Ö G

62

8. júní

um breyting á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris-
mála, fjárfestingarmála o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris-
mála o. fl., hljóði þannig:

Ríkisstjórnin skipar 4 manna stjórn innflutningsskrifstofunnar til að annast
þau störf, sem skrifstofunni eru falin með lögum þessum. Stjórn skrifstofunnar
ræður starfsfólk hennar, en tala starfsfólks og kostnaðaráætlun skal háð samþykki
ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

63

21. júní

um Landsbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 28. gr. laga nr. 33 29. maí 1957, um breyting
á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, hef látið fella
meginmál hinna fyrstnefndu laga inn í lög nr. 10 frá 15. apríl 1928, um
Landsbanka Íslands, og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Skipulag banks.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri
stjórn. Á Norðurlandamálunum er heiti bankans Íslands Nationalbank, á ensku
The National Bank of Iceland og öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn skiptist í tvær aðaldeildir, Seðlabanka Íslands og Viðskiptabanka, sem
hvor um sig lýtur sérstakri stjórn. Falla veðdeild og stofnlánadeild sjávarútvegsins
undir seðlabankann, en sparisjóðsdeild undir viðskiptabanka. Skal halda algerlega
aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánnum, innlánnum og reikningshaldi
hverrar deildar fyrir sig (seðlabanka, veðdeild, stofnlánadeild og sparisjóðsdeild).